



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Haustönn 2018

## ENSK1HF05

Enska - Grunnur

<b>Kennari:</b>	<b>Kristjana Hrund Bárðard.</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>KHB</b>
-----------------	---------------------------------	---------------	------------

### Áfangalýsing:

Áhersla verður lögð á að efla sjálfstraust, sjálfstæði og vinnubrögð nemenda. Unnið verður með fjölbreytt verkefni með áherslu á grunnþættina fjóra, lestur, ritun, hlustun og tjáningu. Skerpt verður á þeim hæfnimarkmiðum sem sett eru við lok grunnskóla.

### Undanfari:

Einkunn undir 5 á grunnskólaprófi

### Þekkingarviðmið:

Nemendur skulu þekkja og skilja:

- þann orðaforða sem er nauðsynlegur til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins
- grundvallarþætti málkerfisins
- formgerð og byggingu texta og mismuninn á töluðu og rituðu máli

### Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja talað mál um kunnuglegt efni þegar talað er skýrt og áheyrilega
- lesa ýmiss konar texta á eigin áhugasviði eða texta um kunnuglegt efni
- taka þátt í almennum samræðum um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga
- skrifa samfelldan texta um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á og nota viðeigandi málfar
- fara eftir grundvallarreglum sem gilda um ritað mál
- nota upplýsingatækni og hálpargögn í tungumálanámi sínu

### Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fylgjast með frásögnum og erindum og ná aðalatriðum úr fjöl- og myndmiðlum ef efnið er kunnuglegt
- tileinka sér aðalatriðin í stuttum tímarits- eða blaðagreinum og draga ályktanir af því sem hann les
- lesa sér til ánægju og þroska skáldskap af hæfilegu þyngdarstigi og tjá skoðun sína á honum

- miðla eigin þekkingu, skoðunum og tilfinningum sem og persónulegri reynslu, vonum og væntingum
- skrifa um atburði, ímyndaða og raunverulega
- skrifa samantekt byggða á tilteknu efni, s.s. kvikmynd eða blaðagrein, skrifa um hugðarefni sín og áhugamál

### **Námsefni:**

Tekið saman af kennara og nemendum.

### **Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:**

Nemendur búa sér til sína eigin áætlun með aðstoð kennara.

### **Sérreglur áfangans:**

Ætlast er til af kennara að nemendur fylgist með kennsluáætlun og tilkynningum á Innu. Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf/verkefni sem ekki er tekið/skilað nema lögleg forföll (L, V eða W í Innu) komi til.

### **Námsmat:**

Áfanginn er lokaprófslaus og verður unnið að mestu samkvæmt leiðsagnarnám. Nemandi sem ekki uppfyllir skilyrði símats getur tekið lokapróf sem gildir 100%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

**16. ágúst 2018 – Kristjana Hrund Bárðardóttir**